



horft meðfram strönd Laugarvatns að Fontana og svæðis sem er innan lóðar Fontana, girðing hverfur.



girðing í forgrunni tekin niður og opnað mót vatni



strönd norðan við Fontana þar sem göngustígur mun aftur koma að vatninu

STUTT GREINARGERÐ:

Hér er um að ræða skýringarupprátt sem lagður er fram með tillögu að breyttu deiliskipulagi á þéttbýli Laugarvatns, tekn. dags. 29. ágúst 2018. Tillagan er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 þar sem fjallað er um niðurfellingu kvaðar á gönguleið meðfram ströndinni á um 120m löngum kafla.

Skýringaupprátturinn er lagður fram í framhaldi af bókun sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá 4. okt. 2018 þar sem segir; „Sveitarstjórn frestar afgreiðslu og felur sveitarstjóra að kalla eftir frekari gögnum um útfærslu breytingarinnar.“

Í framhaldi þessa er hér lagður fram uppfærður uppráttur sem vonandi nær að gera betur grein fyrir umræddri breytingu. Frá árinu 2015 hefur Gufa ehf. haft uppi áform um að fá heimild til að opna Fontana mót Laugarvatni m.a. vegna vaxandi gestafjölda og málið unnið í samstarfi við Bláskógabyggð. Í viðhorfskönnunum sem gerðar hafa verið meðal gesta kvarta margir yfir þeim girðingum og þeim takmörkunum sem þær setja Fontana út mót Laugarvatni. Fólk vill geta gengið víðar út mót vatninu og nýta þá strönd sem þar er að finna án þess að þurfa að vera á almenningsvæði. Til að útskýra betur þau áhrif sem fram koma í tillögu að breytingu deiliskipulags er m.a. gert ráð fyrir eftirfarandi atriðum;

1. Almenn kvöð um aðgengi í deiliskipulagi austan Fontana verði felld niður.
2. Girðing út í Laugarvatn nái um 4-5m út í vatnið.
3. Komið verði fyrir öryggismyndavélum við báða enda.
4. Gæsla verði eflað innan alls baðsvæðisins og ná til 24 tíma vöktunar.

5. Gerður verði göngustígur sem leið meðfram vatni, vestan við Fontana.
6. Framtíðarhugmynd Gufu ehf. um mögulega stækkun Fontana.

Baðgestir vilja geta átt óheftan aðgang frá baðsvæði Fontana og út að Laugarvatni og er trébryggjan dæmi um bætt aðgengi að vatninu. Opnun baðstaðarins kallar á lokun þess mót ytra umhverfi og aukið eftirlit og umsjón. Með lokuninni er gert ráð fyrir að komið verði fyrir öryggismyndavélum með ljósum sem stjórnast af hreyfiskynjurum um leið og eftirlit og gæsla á útiþaðsvæði verður eflað til muna.

Við opnun mót ströndinni lokast óhjákvæmilega gönguleið meðfram vatninu. Á myndinni má sjá hvernig baðstaðurinn opnast mót Laugarvatni og hvar girðingar munu koma út í vatnið til að tryggja öryggi gesta og hindra óviðkomandi umferð.

Eins og gildandi aðalskipulag gerir grein fyrir mun gönguleiðin liggja vestan við Fontana, meðfram baðhúsinu og aftur niður að Laugarvatni, bæði sunnan og norðan megin við húsið. Gert er ráð fyrir 2m breiðum hellulögðum göngustíg á þessari leið eða skv. nánara samkomulagi við Bláskógabyggð.

Með upprætti þessum er hér brugðið upp ljósi á þær breytingar sem Fontana vonast til að geta ráðist í á næstu misserum og vonandi dugar það til að mæta óskum sveitarstjórnar Bláskógabyggðar sbr. bókun hennar frá 4. okt. sl.

Yfirlitsmynd mkv. 1:750

SKÝRINGAR

- - - lóðarmörk Fontana
- - - byggingareitur skv. deiliskipulagi
- tillaga um gönguleið sunnan og norðan Fontana, framhjá baðstaðnum
- - - núv. 2m há netgirðing sem tekin verður niður að hluta mót vatni
- - - tillaga um nýja 2m háa netgirðingu
- núv. húsnæði Fontana (2018)
- - - möguleg stækkun í framtíðinni (óstaðfest drög)

HEITI VERKS:		
FONTANA, HVERABRAUT 1 LAUGARVATNI		
HEITI TEIKNINGAR:		
YFIRLITSMYND		
Gönguleið við Laugarvatn, möguleg stækkun Fontana		
VERKNR:	MKV:	TEIKNING NR:
203-016	1:1000 í A3	
TEIKNAD AF:	HANNAÐ AF:	DAGS. TEIKN:
gg		23. nóv. 2018
YFIRLESTUR / UNDIRSKRIFT:	TEIKN. BREYTT:	